

Rúnar Ingi Guðjónsson
Teiknistofna RÚM
Fjarðarseli 6
109 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 20. desember 2016

Tilvísun: 4492 / 201612-0049

Suðurgata 74, Hafnarfirði, breytingar og stækkun.

Í tölvupósti 16. desember 2016 leitar Rúnar Ingi Guðjónsson eftir álit Minjastofnunar Íslands á breytingum á Suðurgötu 74, Hafnarfirði. Erindinu fylgja endurskoðaðir uppdrættir er sýna breytinguna.

Sk. Fasteignaskrá er húsið við Suðurgötu 74 byggt árið 1920. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr gert skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa. Minjastofnun samþykkti fyrr á árinu stækkun hússins til norðurs inn á baklóð en lagðist gegn breytingum við inngang á austugafli. Unnin hefur verið ný tillaga að útfærslu inngangsins sem fylgir erindinu. Núverandi forstofuútbýgging stækkar og nær þá fram að götuhlið. Tröppur sem liggja að aðalinngangi verða fjarlægðar og ný aðkoma gerð um stiga frá bílastæði.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við endurskoðaða tillögu að stækkun forstofu við Suðurgötu 74. Frágangur ytri klæðninga, glugga, þakbrúna, dyra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Minjastofnunar Íslands

Pétur H. Ármannsson arkitekt

sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar Hildur Bjarnadóttir (hildur@hafnarfjordur.is)

Teiknistofan RÚM Rúnar Ingi Guðjónsson (teiknistofa@gmail.com)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæránlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. forsætisráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.